

1872.

26. febrúar.

þing hafði stungið uppá því, að í staðinn fyrir orðin „í vörzlum póstembættismanna“ í 13. grein kæmi „í vörzlum póststjórnarinnar og hennar þjónustumanna“ fannst stjórnarráðinu það bezt við eiga að hafa einsamalt „í vörzlum póststjórnarinnar“, því aðal-póststjórnin hafði bent á, að svo yrði að telja, að skaðabætur gæti komið fyrir sendingu, ekki að eins þegar hún væri hjá póstem-bættismönnum og póstum, heldur einnig þegar hún væri flutt með skipi einstaks manns (samkv. 6. grein), og skipstjóri hefði í vörzlum sínum sendinguna svo sem fyrir hönd póststjórnarinnar. Við 17. grein frumvarpsins var eigi gjörð nein breyting. Að því leyti, er snerti þá uppástungu fjárstjórnarinnar, að taka skyldi beinlínis fram um vald stjórnarinnar til þess að setja ákvarðanir um póstflutninga milli Íslands og annara póstumdæma þá virtist stjórnarráðinu, að það væri nóg í þessu tilliti, að láta fyrrsögn lagaboðsins vera „tilskipun um póstmál á Íslandi“.

Samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegn-legrí skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

**24. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reiknings-
árinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marz-
mánaðar 1873, staðfest af konungi 26. dag
febrúarmánaðar 1872. (á Íslenzku og Dönsku).**

26. febrúar.

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vér veitum þér hærmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbræfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hærmeð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873, sem gjörð er

1872. í dómsmálastjórn Vorri, og sem Ver allramildilegast höfum stað-
26. febrúar. fest.

Eptir þessu átt þú þér þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amaliuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1872.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik,

krónprinz.

(L. S.)

Fr. Krieger.

Til
dómsmálaráðgjafa Vors.

Áætlun

um

tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar
1872 til 31. marzmánaðar 1873.

Fyrsti kapituli.

Tekjur.

1. grein.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marz-
mánaðar 1873 er ætlað til að tekjur Íslands sè 99,312 rd. 21
sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til
4. grein.

2. grein.

Þær tekjur, sem hér skulu taldar, er ætlað að nemi 42,099
rd. 6 sk.

	rd.	sk.
1. erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum .	1,680.	
2. gjöld fyrir leyfisbréf og veitingabréf	400.	
3. nafnbótaskattur	250.	
4. tekjur af lènssýslum	2,660.	
5. lögþingisskrifara laun	32.	6
yfir um . . .	5,022.	6

	rd.	sk.	1872.
handan að . . .	5,022.	6	26. febrúar.
6. tekjur af umboðssýslugjöldum	911.		
7. konungstíundir	3,500.		
8. lögmannstollur	330.		
9. gjöld af verzlun á Íslandi 11,560 rd.			
gjöld af póstgufuskipinu 994 —			
	12,554.		
10. gjald á brennivíni, o. fl.	5,000.		
11. tekjur af konungsjörðum 17,600 rd.			
að frá dregnum:			
umboðslaunum, prestmötu, alþingis-			
tolti, o. fl. 4,920 —			
	12,680.		
12. gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna,			
og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar			
seldu eignir enn eru að veði fyrir:			
a. vextir 175 rd.			
b. borgun uppí andvirðið 70 —			
	245.		
13. leigugjöld:			
a. af Lundey 83 rd.			
b. af silfurbergsnáminum í Helgu-			
staðafjalli 100 —			
	183.		
14. afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgsholts-			
koti, o. fl.	74.		
15. óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir			
samkvæmt hinum almennu hegningarlögum			
25. júní 1869)	1,500.		
15. leigur af hjálparsjóðnum	100.		
sanntals . . .	42,099.	6	

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 8,207 rd,
15 sk., sumse:

6. grein.

1872.

Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 33,846 rd., sumsi:

	rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna . 23,323 rd. 32 sk.		
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870		
9. gr.	2,893	— 32 -
	26,216.	64
B. Skrifstofufé, o. s. frv.	3,800.	
C. Önnur útgjöld:		
1. þóknun handa tveimur settum málafærslu- mönnum við landsyfir- rættinn	500 rd.	» sk.
2. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufu- nesi	96	— » -
3. póstgöngur á Íslandi . .	1,000	— » -
4. styrkur til garðaræktar, o. s. frv.	300	— » -
5. styrkur til útbýtingar á læknismeðölum handa fá- tæklingum	400	— » -
6. styrkur handa hinu ís- lenzka bókmentafélagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi	400	— » -
7. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland.	933	— 32 -
8. útgjöld útaf tilskipun handar Íslandi um gjald á brennivíni o. fl. . . .	200	— » -
	3,829.	32
samtals . . .	33,846.	

1872.

7. grein.

26. febrúar.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin
28,267 rd. 72 sk., sumsð:

	rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna	13,950	rd.
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. grein. . .	1,900	—
	15,850.	
B. 1. Fyrir umsjón (við skólann) . . .	300	rd.
2. aðstoðarfé	800	—
3. viðbót eptir kornverði	160	—
	1,260.	
C. Önnur útgjöld í þarfir andlegu stöttarinnar:		
1. til fátækustu brauða . . .	318	rd. 72 sk.
2. til nokkurra brauða í fyr- veranda Hóla stípti	300	— " -
3. til prestsekkna og barna .	400	— " -
4. styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prests- ekkjum	500	— " -
5. skrifstofufé handa biskupi.	400	— " -
	1,918.	72
D. Önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla:		
1. fyrir húsrúm til prestaskólans .	250	rd.
2. húsaleiga handa 18 lærisvein- um við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum	720	—
3. til bókakaupa við prestaskólann	200	—
4. til tímakennslu við hinn sama.	100	—
5. til ýmislegra útgjalda við hinn sama	100	—
6. til bókakaupa við hinn lærða skóla	500	—
7. til eldiviðar og ljósa	700	—
yfir um . . .	2,570	rd.
	19,028.	72

	rd.	sk.	1872.
handan að . . . 2,570 rd.	19,028.	72	26. febrúar.
8. til skólahússins utanstokks og innan	1,285	—	
9. til tímakennslu	530	—	
10. ölmusur við hinn lærða skóla	4,000	—	
11. fyrir að semja reikninga skólans	100	—	
12. fyrir skrifstörf og útreikninga	100	—	
13. fyrir prestsverk	24	—	
14. þóknun handa lækni	30	—	
15. ýmisleg útgjöld	600	—	
	9,239.		
samtals . . .	28,267.	72	

8. grein.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 6,000 rd., og eru hér með taldir 2,000 rd., sem útgjöld fyrir fullt og allt til þess að setja í verk tilskipun um póstmál á Íslandi.

10. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 20,198 rd. 45 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til hins konunglega landbústjórnarfélags, um styrk handa íslenskum jarðyrkjumanni.

27. febrúar.

Með bréfi 24. p. m. hefir hið konunglega danska landbústjórnarfélag sent hingað bænarskrá nokkra frá Ólafi Sveinssyni af Íslandi um það, að honum verði fengin nokkur tilnefnd verkfæri til vatnsveitinga, og jafnframt vitnisburð, sem mælir með sækjanda frá vatnsveitingamanni *Jørgensen*, sem hin síðustu ár hefir staðið fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðurumdæmi Íslands;